

Kennsluleiðbeiningar með heimildarmyndinni

Tyrkjaránið
þrír þættir



Námsgagnastofnun
06293

Tyrkjaránið

Heimildarmynd í þrem þáttum

© Þorsteinn Helgason

Ritstjóri: Jórunn M. Magnúsdóttir
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 2002
Námsgagnastofnun, Reykjavík

Að nota Tyrkjaránið

Vefsíðurnar, sem hér fylgja með, eru fylgiefni með sjónvarpsmyndinni *Tyrkjaráninu*. Myndin er í þrem hlutum og fjallar um hið svokallaða Tyrkjarán á Íslandi árið 1627, kringumstæður þess og eftirmál.

Vefsíðurnar skiptast á þættina þrjá og innan þeirra er efninu skipt í kafla með nákvæmum tímasetningum. Umfjöllunin er þrískipt:

1. *Kaflaheiti og efnislýsing*. Kaflaheitin eru búin til svo að auðveldara sé að nota hluta úr myndinni.
2. *Til athugunar*. Undir þessu heiti er ýmiss konar fróðleikur sem varðar efnið og þar er vísað á frekara efni.
3. *Verkefni*. Hér eru spurningar handa nemendum og kennurum, sumar einfaldar og krefjast ákveðinna svara, aðrar margbrotnari og bjóða upp á vangaveltur og skapandi starf.

Tyrkjaránið er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (samfélagsgreinar) frá 1999 einkum á dagskrá í sögu í 7. bekk. Þar er fjallað um tímabilið frá siðaskiptum (um 1550) til 1800 og sérstök áhersla lögð á tengsl Íslands við önnur lönd. Þessi markmið námskrárinnar (bls. 41) eiga beint við:

Nemandi

- þekki Tyrkjaránið sem atburð, lífsreynslu og árekstur menningarheima
- þversnið: kynnist einstaklingi sem stóð frammi fyrir ólíkum menningarheimum, t.d. Jóni Indíafara, Önnu Jaspersdóttur eða Guðríði Símonardóttur

Vegna þess hve Tyrkjaránið snerti mörg lönd og svið sögunnar getur sjónvarpsmyndin þjónað fleiri markmiðum. Af efnisatriðum má nefna þessi:

- tengsl Íslands við Danmörku
- stjórnarfar og trú á 17. öld
- íslam og kristni og tengsl þessara siða
- landshætti í Evrópu og Norður-Afríku
- mannlíf og hugarfar
- örlög einstaklinga

Þar sem námsefnið er heimildamynd og efniviður hennar er sóttur víða að gefst tilefni til að hagnýta sér myndina sem slíka. Þar kemur einkum við sögu:

- Myndlist 17. aldar og nútímamyndlist. Sagan er að talsverðu leyti sögð með notkun slíks efnis. Einkum skal bent á annan þátt, *Fegurð þjáningarinnar*, þar sem sérstaklega er fjallað um nokkur myndlistarverk.
- Þjóðsögur, frásagnir og hugsun fólks um fortíðina. Þjóðsögur eru flestar sagðar á Aust-fjörðum (1. þáttur) en þessir efnisþættir koma víða við sögu, einkum í 1. og 2. þætti.
- Frásagnarháttur kvikmynda sem ekki er leikin bíómynd. Hér gefst tilefni til að fjalla um efnivið myndarinnar (myndlist, viðtöl, frásagnir, tölvugrafík), áhrif tónlistarinnar, klippingar, hraða og fleiri þætti. Ennfremur getur myndin gefið tilefni til umræðna um tengsl fræðslu og skemmtunar, skáldskapar og sanninda.

Vegna fjölbreytileika síns gefur *Tyrkjaránið* tilefni til að samþætta aðrar námsgreinar við sögu, einkum íslensku, myndmennt og landafræði.

Bent skal á rit Ingvars Sigurgeirssonar þar sem hann fjallar um notkun kvikmynda í kennslu:

- *Að mörgu er að hyggja: Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík, Bóksala kennaranema, 1996. Bls. 46–50.
- *Litróf kennsluaðferðanna*. Handbók fyrir kennara og kennaraefni. Reykjavík, Æskan, 1999. Bls. 66–68.

1. þáttur: Náðarkjör

0.00 Inngangur

Myndin byrjar á bótum úr strösmálverkum með trommuslætti og skothróð undir. Svo er farið með vísuorð úr kvæði frá 17. öld: „Úti í löndum eldur og stríð ...“ Þetta er gert til að gefa til kynna að ófriðlegt var úti í Evrópu á þessum tíma. Á Íslandi var hins vegar friðsælla enda segir í kvæðinu: „Vér höfum betri náðarkjör ...“

Svo koma skilti sem sýna hverjir gerðu myndina og í kringum það eru svipmyndir af kvikmyndafólkinu að störfum víða um lönd.

Á gömlu landakorti sigla „tölvuskip“ undir áberandi fána með hálfmána og pulurinn segir: „Vorið 1627 hélt floti herskipa af stað frá vígirtum borgum Marokkó og Alsír í leiðangur norður Atlantshaf til að afla fjár og manna sem hægt væri að selja í þrældóm, heimta lausnargjald fyrir eða snúa til íslamskrar trúar. Þeir nefndust Tyrkir eins og síður var að kalla flesta þá sem aðhylltust kenningu Múhameðs spámanns. Ýmsir þeirra voru evrópskir að ætt og uppruna en sigldu nú undir íslömskum hálfmána. Von þeirra var sú að digrir sjóðir hins danska konungs yfir Íslandi yrðu ríkulegt lausnargjald fyrir hertekna Íslendinga.“

Til athugunar

Fyrsta málverkið á að sýna umsátur Tyrkja um Vínarborg á 17. öld og þeir eru sýndir ljótir og andstyggilegir (áróðursmynd).

Með orðinu *náðarkjör* (sem fyrsti þátturinn er látinn heita) er átt við lífsskilyrði sem guð gaf okkur.

Í lýsinguinni á friðsemdinni á Íslandi eru sýndar útskornar og málaðar myndir af manni og konu. Myrðirnir eru af íslenskum prédikunarstól frá þessum tíma. Þau eiga eftir að sjást aftur síðast í þættinum. Fylgist með því.

Hálfmáninn er mikið notaður hjá múslimum eins og kristnir menn nota krossinn. Rauði krossinn á sér til dæmis samsvörun í Rauða hálfmánanum.

Verkefni

Þrófið að horfa á fyrstu mínútuna án þess að hljóðið heyrast. Hverju breytir það?

Hvernig var ástandið í útlöndum og hvernig var það á Íslandi á þessum tíma eftir því sem lýst er fyrst í myndinni?

Hverju er verið að lýsa í málverkunum sem þið sjáið?

Hvaða staði þekkið þið þar sem myndin var tekin?

Finnið sjaldgæf orð í pulartextanum hérna til hliðar og hjálpið að við að útskýra þau. Segið svo þetta sama með einfaldari orðum.

1. þáttur: Náðarkjör

3.25 Grindavík

Í elstu frásögunum af Tyrkjaráninu segir að það hafi byrjað 20. júní árið 1627. Þá birtist skip utan við Grindavík og skipverjarnir þóttust vera þýskir hvalveiðimenn sem vantaði mat og aðrar vistir. Nokkrir Íslendingar urðu forvitnir og reru út að skipinu en þá voru þeir teknir til fanga. Svo fóru skipverjarnir af ókunna skipinu á árabát inn í höfnina og tóku danskt verslunarskip sem var þar. Ekkert þorp var þá í Grindavík og héldu ræningjarnir að næsta bóndabæ sem heitir Járngerðarstaðir. Þar handtöku þeir heimilisfólkið. Þá kom maður á hesti og sá að þar var verið að taka möður hans og bræður. Hann hét Hjálmar og hann snerist gegn ræningjunum en þeir yfirbuðu hann fljótt. Hundrað árum seinna skrifaði lærdur maður, sem var afkomandi þessa fólks, kvæði á latínu um Hjálmar og gerði hann að mikilli heiju. Kvæðið hljómar vel en það er háfleygt og erfitt að skilja það, jafnvel þegar það er komið á íslensku.

Um ránið í Grindavík mynduðust þjóðsögur og við fáum sýnishorn af einni. Sagt var að kristið og heiðið biðð hafi blandast saman í moldinni og upp úr því hafi sprottið þyrnótt planta sem heitir þistill. Það er þekktur rithöfundur, Guðbergur Bergsson, sem segir okkur frá hvernig hann breytti þjóðsögunni þegar hann var að alast upp í Grindavík og prófaði svo hvort hún væri sönn!

Þegar ræningjarnir voru að fara frá Grindavík sáu þeir eitt verslunarskip í viðbót sigla hjá. Þeir veifuðu dönskum fánum og tókst þannig að gabbba skipið til sín og tóku það. Árásarmennirnir komu frá Marokkó en í hópnum voru menn af mismunandi uppruna sem höfðu gengið til liðs við ræningjana. Nokkrir enskir liðsmenn þeirra fengu eitt skipanna að launum og sigldu með það beint til Englandis.

Til athugunar

Aðalfrásögnin af ráninu í Grindavík er eftir Björn Jónsson á Skarðsá og var skrifuð 1643. Hann byggði á frásögn Halldórs Jónssonar sem lifði atburðina en skrif hans er nú glatað. Það fuðraði kannski upp í brunanum mikla í Kaupmannahöfn árið 1728.

Höfundur kvæðisins hét Jón Þorkelsson og var m.a. rektor í skólanum í Skálholti í nokkur ár. Hann var afkomandi Halldórs Jónssonar.

Sagan um þistilinn og fleiri sögur, sem tengjast ráninu í Grindavík er að finna í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Guðbergur Bergsson hefur lýst uppvexti sínum í Grindavík í bókum sem hann kallar skáldævisögur.

Hér er tæpt á því hverjir Tyrkjaránsmenn hafi verið. Meira verður sagt frá því síðar, einkum í þriðja þætti. Um þetta er líka til grein eftir Þorstein Helgason í tímaritinu Sögu árið 1985 sem heitir „Hverjir voru Tyrkjaránsmenn?“

Verkefni

Skrifaðu lýsingu á óvæntum seglum sem birtast úti við sjóndeildarhringinn og hvað síðan gerist eins og það væri jafnaldri þinn að segja frá.

Af hverju haldið þið að Jón Þorkelsson hafi ort kvæðið á latínu?

Af hverju breytti Guðbergur þjóðsögunni um þistilinn þegar hann var barn? Munið þið eftir sögu sem þið hafið heyrt eða lesið og breytt svo á eftir?

Hvað er þjóðsaga? (Þetta getur verið erfitt mál, en gáið hvað orðabók segir um þetta.)

Hugsum okkur að þú værir fangi á skipi á leið frá Grindavík. Hvernig gætirðu komist að því hvaðan einstakir ræningjar væru upprunnir?

1. þáttur: Náðarkjör

8.15 Bessastaðir

Á Bessastöðum var aðsetur æðsta embættismanns landsins, danska höfuðsmannsins. Hann kom þangað á summrin til að gera upp reikninga, fylgja eftir lögum og reglum á alþingi og fleira. Hann átti líka að sjá um varnir landsins. Um Jónsmessu á þessu sumri, 1627, voru margir frammámenn á Bessastöðum saman komnir til að hitta höfuðsmanninn. Þangað stefndu nú ræningjarnir frá Grindavík. Það hefði orðið feitur biti að ná hátsettum mönnum og heimta svo lausnargjald fyrir þá. En höfuðsmaðurinn Holgeir Rosenkrantz tók til sinna ráða. Hann stefndi kaupskipum úr nágrenninu í Seyluna í Skerjafirði, inn fyrir Bessastaði. Hann lét hlaða varnarvirki úr fiskböggum og tyrfa yfir og í virkinu voru menn á hestum látnir ríða fram og aftur með löng prik í höndunum svo að allt leit út eins og heill herflokkur. Það er erfitt að sigla rétt í Skerjafirði og annað ræningjaskipið lenti uppi á skeri. Ræningjarnir fluttu fanga úr strandaða skipinu til að létta það. Þá vildu sumir íslendingarnir ráðast á þá en höfuðsmaðurinn bannaði það. Að lokum losnaði skipið en ræningjarnir hættu við árás og sigldu burt, heim til Marokkó.

Til athugunar

Halldór Baldursson, sem útskýrir hernaðarstöðuna á Bessastöðum, álitur að höfuðsmaðurinn hafi farið rétt að miðað við aðstæður. Hægt er að athuga og rök-ræða hvert atriði fyrir sig. Gott er að skoða landakort af Skerjafirði til að átta sig á stöðunni.

Halldór skrifaði grein um þetta mál í tímarit (bók) sem heitir *Landnám Ingólfs* árið 1996 og kallaði „Holger Rosenkrantz höfuðsmaður og atlega Tyrkja að Seylunni 1627.“

Verkefni

Sagan segir að Holgeir höfuðsmaður hafi haft tilbúinn hest handa sér að flýja á ef ræningjarnir hefðu ráðist á land. Sumum fannst það lýsa hugleysi hans. Ræðið hvort það hefði verið rétt af honum að flýja. Hvað mælir með því og hvað á móti.

Í myndinni eru sýnd tölvuteiknuð skip á Skerjafirði en á bak við er Reykjavík eins og hún lítur út í dag. Árið 1627 hefði sennilega ekki sést eitt einasta hús. Hefði verið rétt að mála yfir nútíma Reykjavík?

1. þáttur: Náðarkjör

14.00 Austfirðir

| | Til athugunar | Verkefni |
|--|--|--|
| <p>Reykjanesræningjarnir voru horfnir en fréttimar spurðust um landið. Þetta var einstætt og ótrúlegt. Þó að enskir og spænskir sjóræningjar hefðu oft gert mönnum lífið leit var það nýtt að ræna fólki í stórum stíl og að þar væru að verki menn af framandi trú, komnir frá Afríku.</p> | <p>Fréttir bærust til dæmis með þeim sem sóttu alþingi á þingvöllum nokkrum dögum eftir Grindavíkurránið.</p> | <p>Hvernig gátu fréttir borist milli sveita fyrir fjögur hundruð árum?</p> |
| <p>Á verslunarstaðnum Djúpvogji uggðu menn ekki að sér fimmtudaginn 6. júlí þegar ókunnug skip köstuðu akkerum hinum megin Berufjarðar snemma morguns og róid var á árabátum að verslunarhúsum. Starfsmenn verslunarinnar voru teknir til fanga en síðan var farið í herferð til að ná fólki á sveitabæjunum í grennd. Ræningjarnir (=hermennirnir?) skiptu sér í hópa og fóru í nokkrar áttir frá Djúpvogji til að ná sem flestu fólki áður en það fengi viðvörðun. Þeir fóru suður að Hamarsfirði, inn Berufjörðinn og einn hópur reir yfir fjörðinn og herjaði í áttina að Breiðdal. Þar voru margir flúnir. Fangana fluttu þeir síðan á skip í Djúpvogji, 110 talsins, en höfðu drepið níu manns í herferðinni. Þeir héldu síðan á norðurfirðina en þar voru flestir flúnir og ræningjarnir sneru við og sigldu suður og vestur með landi.</p> | <p>Ræningjarnir réðust að Grindavík, Djúpvogji og Vestmannaeyjum sem nú eru bæir með nokkur hundruð íbúum. Á þessum tíma var ekki hægt að tala um þorp á þessum stöðum heldur einungis aðstöðu fyrir dönsku verslunina og kaupskipin.</p> <p>Rímurnar, sem kveðnar eru í myndinni, eru úr löngum rímnabálki sem Guðmundur Erlendsson prestur í Skagafirði orti skömmu eftir ránið.</p> | <p>Skotið landakort til að átta ykkur á aðstæðum. Reynið að mæla kílómetrana sem ræningjarnir fóru.</p> <p>Hvort er rétt að kalla árásarmennina ræningja (eins og í Kar-demommubænum) eða hermenn?</p> <p>Skrifið niður rímaerindin sem eru kveðin í myndinni.</p> |
| <p>Aðfarir stríðsmannanna voru ljótar á Austfjörðum og fát var til þjargar. Það kom ekki í veg fyrir að þjóðsögur mynduðust þar sem því er lýst hvernig menn björguðust. Við fáum sýnishorn af þeim í myndinni og einnig frásögn af því hvað óttinn við „Tyrkina“ lífi lengi fyrir austan.</p> | <p>Í þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar er talsvert af sögum af Tyrkjaráninu enda var Sigfús Austfirðingur og hafði eyrun opin fyrir slíkum sögum.</p> | <p>Sagan um stúluna við lækinn er ekki þjóðsaga í venjulegum skilningi. Að hvaða leyti?</p> <p>Leikið eina af þjóðsögnum sem sagðar eru í myndinni eða aðra þjóðsögu sem þið finnið.</p> |

1. þáttur: Náðarkjör

29.10 Vestmannaeyjar

Eitt ræningjaskip í viðbót kom nú til liðs við hin tvö og saman var stefnt suður og vestur með landi, að Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum höfðu menn frétt af ráninu í Grindavík og voru undirbúnir, höfðu hressit upp á virkið í Skansinum og hugað að hellum og byrgjum í klettum. En ræningjarnir fundu upp á því klækibraugði að leggja að landi á óvæntum stað í stað þess að fara venjulega siglingaleið inn í höfnina. Þar með var leikurinn tapaður og hermennirnir höfðu frítt spil í þrjá daga að hertaka fólk og særa og drepa þá sem veittu mótspyrnu.

Þeir höfðu fangageymslu í verslunarhúsunum (Dönsku húsum) og enduðu á því að brenna þar inni gamalmenni og lasburða fólk. Þá kveiktu þeir í Landakirkju, drápu annan prestinn í Eyjum, séra Jón Þorsteinsson, í helli sem hann flýði í með heimilisfólki sínu. Hinn prestinn tóku þeir til fanga með fólki sínu. Hann hét Ólafur Egilsson og skrifaði seinna lýsingu á reynslu sinni.

Við fylgjumst með skólakrökkum í Vestmannaeyjum sem fara á sögustaðina, læra um ránið og búa svo til myndir um það sem þau hugsa sér að hafi gerst. Þetta var hroðalegasti atburður sem hefur gerst þar og allir þurfa að vita um hann. Alls voru 242 teknir til fanga í Vestmannaeyjum og meira en þrjátíu drepnir.

Til athugunar

Aðalheimildirnar um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum eru tvær. Önnur er lýsing séra Ólafs Egilssonar, svokölluð *reisubók* hans. Hin er frásögn Kláusar Eyjólfssonar stórbónða í Landeyjum. Hann skráði hana eins og blaðamaður eftir lýsingum þeirra sem sluppu úr ráninu.

Rétt er að minnast annarra stórtíðinda sem orðið hafa í Vestmannaeyjum, gossins í Heimaey árið 1973.

Frásögnin af vígi séra Jóns Þorsteinssonar líkist um margt sögunni af Kristi sem var svikinn og krossfestur. Þar er jafnvel „Júdas“ fyrir hendi og séra Jón segir merklileg orð þegar hann er höggvinn eins og Kristur á krossinum.

Verkefni

Hugsum okkur að þið væruð í Vestmannaeyjum vorið 1627 og hefðu heyrt af ráninu í Grindavík. Ef ræningjarnir kæmu var aðallega um þrjá kosti að ræða til að reyna að bjarga sér:

- Berjast við ræningjana.
- Flyja í hella eða byrgi.
- Flyja til meginlandsins.

Hvaða aðferð list ykkur best á og hvernig hefðuð þið farið að þessu?

Hvaða mynd finnst ykkur best af þeim sem krakkarnir í Vestmannaeyjum gerðu?

1. þáttur: Náðarkjör

38.40 Niðurlag

Í lokin hugleiða þrír menn hvernig eigi að skilja þessa atburði og hvaða lærdóm megi draga af þeim. Presturinn í Vestmannaeyjum spáir í sverðið sem skorðið er út á kirkjuhurðina og talar um „andlegt“ og „veraldlegt“ sverð. Sagnfræðingur í Alsír talar um þau miklu og merku rit sem hafi verið samin um Tyrkjaránið á Íslandi og segir að þetta sé atburður sem Íslendingar og Alsír-menn eigi sameiginlegan. En hann vill ekki að menn hugsi bara um hann heldur að þjóðirnar ættu nú að tengjast á fleiri vegu. Forseti Íslands ræðir um sögur og kvæði sem samin voru um þessa atburði og að frá-sagnirnar séu verðmæti og betra svar við ofbeldisverkunum en hefndin því að í henni sé ekkert skjól.

Til athugunar

Eftir seinni heimsstyrjöldina og allt til þessa dags hefur mikið verið talað um ábyrgð á voðaverkum, hverjir beri hana og hverjir sé sekir. Þegar menn velta fyrir sér ábyrgðinni á Tyrkjaráninu þarf meðal annars að hafa í huga að samsetning íbúanna í Norður-Afríku 1627 var allt önnur en nú (t.d. var mikið af Evrópumönnum á skipunum) og að sjórán voru leyfileg ef þau voru hluti af stríðsaðgerðum óvinabjóða.

Verkefni

Tyrkjaránið var „stórslys“ eins og þegar Titanic sökk eða þegar hryðjuverkamenn réðust á turnana tvo í New York 11. september 2001. Bíómyndir eru oft gerðar um slíka atburði. Af hverju haldið þið að það sé?

2. þáttur: Fegurð þjáningarinnar

0.00 Kynning

Tyrkjaránið var einstakur aburður í Íslandssögunni. Aldrei fyrir eða síðar urðu Íslendingar fyrir hernaðarás af þessu tagi þar sem hundruð manna voru hertekin og seld í þrælahald. Nú voru Íslendingar komnir í spor Evrópumanna sem mattu þola ófrið og þjáningu.

Til athugunar

Erlendu hervaldi hefur sjaldan verið beitt á Íslandi. Helst er að nefna valdatöku Jörundar hundadagakonungs árið 1807 og hernám Breta 1940. Í hvorugt skiptið varð þó mannfali af þessum völdum.

Verkefni

Hverju getum við þakkað að svona friðsælt hefur verið á Íslandi oftast nær?
Hvar í heiminum er ófriður núna?

1.20 Málarrinn Rubens

Þæmi er tekið af verki myndlistarmanns á 17. öld sem túlkar afleiðingar stríðs í málverki. Niðurlendingurinn Pieter Paul Rubens gerði það með því að nota rómverskar goðsagnapersónur í mynd sinni svo sem stríðsguðinn Mars og ástargyðjuna Venus. Myndin hefur boðskap sem erfitt er að skilja í öllum atriðum en svo vel vill til, þótt sjaldgæft sé, að til er lýsing málarans sjálfs á verkinu þar sem hann útskýrir það.

Til athugunar

Rubens var ekki aðeins fjölhæfur listmálari með margna menn í vinnu heldur var hann stundum fenginn til að fara í sendiferðir til annarra landa til að reyna að koma á friði. Hann var kapólskur og bjó í Antwerpen á döggum þriðju ára stríðsins (1618–48) þar sem stutt var til Hollands en þar ríkti mótmælendatru.

Verkefni

Farið á leitavél á Netinu og leitið að orðinu „Rubens“. Hvað finnið þið margar síður?
Skoðið myndir eftir Rubens. Hvað einkennir þær?

4.55 Guðríður Símonardóttir

Íslendingum var ekki mjög tamt að tjá sig með myndlist á fyrri öldum en þeir skrifuðu því meira. Um Tyrkjaránið var mikið skrifað frá upphafi. Þekktasta persónan sem lenti í ráninu, Guðrjúður Símonardóttir, skrifaði bréf í þrælavistinni og hún var í hópi þeirra sem keypt voru laus og komu aftur til Íslands. Hún er minnisstæð og mikið hefur verið fjallað um hana þó að fátt sé vitað með vissu. Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur, sem hefur skrifað margt um Guðríði, segir hér frá henni og ferð sinni á síðir hennar í Alsír.

Til athugunar

Steinunn Jóhannesdóttir hefur skrifað tvö ritverk um Guðríði:
a. *Heimur Guðrjúðar. Síðasta heimsókn Guðrjúðar Símonardóttur í kirkju Hallgríms. Reykjavík 1995.*
b. *Reisubók Guðrjúðar Símonardóttir. Skáldsaga byggð á heimildum. Reykjavík 2001.*

Verkefni

Kynntu þér ævi Guðrjúðar og svaraðu þessum spurningum:
a. Hvaða viðurnefni fékk hún manna á meðal?
b. Hvað hét eiginmaður hennar sem hún átti eftir að hún kom til Íslands?
c. Af hverju haldið þið að Guðrjúður sé svona minnisstæð og vel þekkt?

2. þáttur: Fegurð þjáningarinnar

| 12.40 Sagt frá herleiðingunni | Til athugunar | Verkefni |
|---|---|--|
| <p>Misjafnar sögur gengu af þrælavistinni í Norður-Afríku. Sumir máttu pola harðræði en aðrir komu sér vel vel fyrir og undu hag sínum vel. Sagt er frá Önnu Jaspars-dóttur, nágrannakonu Guðríðar frá Vestmannaeyjum. Hún gíftist Mára frá Spáni sem hafði verið kristinn en þau voru nú bæði búin að taka íslamska trú. Faðir Önnu hafði líka verið hertekinn en tengdasonurinn borgaði lausnargjald hans svo að hann komst heim til Íslands og sagði sögu sína.</p> | <p>Örlög eins manns í viðbót má nefna. Það var Jón Vestmann sem svo var kallaður, sonur Jóns Þorsteinssonar sem dreppinn var í Vestmannaeyjum. Hann var hertekinn ungur, var snúið til Íslamskrar trúar og var í siglingum á sjóræningja-skipum og mikils metinn. Honum tókst loks að flýja og komast til Kaupmannahafnar 1645, átján árum eftir ránið. Þar var hann í hávegum hafður.</p> | <p>Lýsið hlutskipti hlutskipti Guðríðar, Önnu og Jóns. Af hverju haldið þið að það hafi verið svona ólíkt?</p> |
| <h3>14.20 Ólafur Egilsson segir frá</h3> <p>Af herleiddum Íslendingum er mest vitað um Ólaf Egilsson, sóknarprest í Vestmannaeyjum, vegna þess að hann skrifaði lýsingu á reynslu sinni sem gengur undir heitinu <i>Reisubók</i>. Við fylgjumst með honum frá því að hann er settur á land í Algeirsborg, er síðan sleppt og hann verður að kveðja konu sína og börn og sigla brott. Hann fer um Ítalíu og Frakkland og eftir talsverða hrakninga kemst hann til Danmerkur. Ástandinu þar er lýst eftir ósigur í stríði og Ólafur er vondaufur um að sjá konu sína og börn aftur.</p> | <h3>Til athugunar</h3> <p>Reisubók Ólafs Egilssonar er ein helsta og vinsælasta heimildin um Tyrkjaránið. Hún kom síðast út á prenti árið 1969 í útgáfu Sverris Kristjánssonar.</p> <p>Tyrkjaránið gerðist á miklum ófriðartíma í Evrópu þegar hið svokallaða þriátíu ára stríð geisaði (1618–48). Það voru aðallega átök kapólskra á móti mótmælendum. Danir stóðu einmitt í því stríði árið sem Tyrkjaránið stóð, 1627.</p> | <h3>Verkefni</h3> <p>Hvers konar persóna haldið þið að Ólafur Egilsson hafi verið? Lýsið honum með orðum eða í mynd.</p> |

2. þáttur: Fegurð þjáningarinnar

28.25 Tvö myndlistarverk

Reisubók Ólafs er merkur minnisvariði um Tyrkjaránið en margir aðrir hafa fjallað um það. Tekin eru fyrir tvö myndlistarverk sem sækja efni við í atburðinn. Annars vegar er það málverkið *Tyrkjaránið* eftir Þorvald Skúlásson og hins vegar höggmynd til minningar um Guðríði Símonardóttur eftir Ragnhildi Stefánsdóttur. Málverk Þorvaldar var gert fyrir sýningu um sögu Íslands sem sett var upp þegar Ísland varð sjálfstætt lýðveldi árið 1944. Efnið var sjaldgæft verkefni í íslenskri myndlist og virðist Þorvaldur hafa sótt fyrirmynd í málverkið *Guernica* eftir Picasso.

Til athugunar

Þorvaldur Skúlásson (1906–1984) var brautryðjandi í abstrakt (Óhlutbundinni) myndlist á Íslandi. Tyrkjaránsmyndin er því sjaldgæft efni á ferli hans en minna má þó á að um svipað leyti tók hann þátt í að myndskreyta útgáfu á Njálu (*Brennuhjás sögu*) sem Halldór Laxness gaf út árið 1945 (3. prentun 1997).

Verkefni

Hvað sýnir Þorvaldur Skúlásson í Tyrkjaránsmálverki sínu?
Ragnhildur segist sýna þriju æviskeið Guðröðar í höggmynd sinni. Getið þið séð þau?

29.50 Ballett um stríð

Í framhaldi af höggmynd Ragnhildar kviknaði hugmynd að ballett sem nokkrir listamenn stóðu að og kölluðu *Æsa, ljóð um stríð*. Kveikjan er örlog Guðröðar Símonardóttur en Tyrkjaránið, stríð og menningarárekstrar verða tilefni til útfærslu í dansi. Listamenirnir segja hvað vakti fyrir þeim og sýnd eru brot úr ballettinum.

Til athugunar

Þó að líf Guðröðar Símonardóttur og Tyrkjaránið sé kveikjan að ballettinum er ljóst að frjálsega er farið með efnið og að tilefnið er notað til að hugleiða ýmislegt sem á við um ýmsa tíma.

Verkefni

Í ballettinum *Æsu* er ekki bara verið að sýna fallega dansa heldur líka að flytja boðskap. Skilið þið eitthvað af því?

2. þáttur: Fegurð þjáningarinnar

| | | |
|---|---|--|
| 35.35 Sendimaður fórnar sér | Til athugunar | Verkefni |
| <p>Hér er sagt frá nýuppgötvuðum þætti í sögu Tyrkjaránsins. Hann fjallar um seinni atrennu danskra stjórvalda til að kaupa íslenskum þrælum frelsi. (Í fyrra skipið var Guðríður og rúmlega þriðtú aðrir leystir með aðstoð hollenskra kaupmanna.) Um 1640 sköpuðust aukin verslunarsambönd milli Danmerkur og Spánar og danskur sendiherra var sendur á vettvang. Hann fékk síðan það aukaverkefni að athuga hvort enn væri hægt að leysa hertekna Íslendinga. Danskur maður var fenginn til að ljúka verkeinu, Ambrosio Volgersen að nafni. Honum tókst að kaupa átta Íslendingum frelsi auk nokkurra Dana og Norðmanna árið 1645, átján árum eftir Tyrkjarán. Hann lenti hins vegar í skuld vegna kaupanna og var sjálfur tekinn að veði og mátti dúsa í varðhaldi það sem eftir var. Enginn veit hvað af honum varð en Íslendingarnir komust að minnsta kosti til Kaupmannahafnar.</p> | <p>Hér er ætluðinn að segja heila sögu með fábreyttum aðferðum, að sýna hvað hægt er að tölfa fram úr gömlum skjölum. Við fáum tífíningu fyrir gömlum pappír og skrift og getum lesið einstaka orð. Teikningar, sem birtast í seinni hlutanum, eru flestar rissmyndir eftir sjálfan Rembrandt. Þær eru auðvitað ekki af því fólki sem sagt er frá en þær eru frá sviðuðum tíma og í sviðuðum anda og sagan.</p> | <p>Af hverju haldið þið að dönsk stjórnvöld hafi lagt svona miknið á sig til að leysa Íslendingana?</p> <p>Af hverju varð Ambrosio Volgersen eftir í Norður-Afríku?</p> <p>Er hægt að segja að sagan hafi endað illa?</p> <p>Endursegið alla söguna.</p> |
| 42.10 Altaristafla á Krossi | Til athugunar | Verkefni |
| <p>Í kirkjunni á Krossi í Austur-Landeyjum, þar sem stýst er frá meginlandinu til Vestmannaeyja, er merkileg altaristafla. Hana gaf Kláus Eyjólfsson, sem skrifaði frásögn af Tyrkjaráninu, og danski kaupmaðurinn í Vestmannaeyjum, kannski í minningu þeirra sem lentu í Tyrkjaráninu. Ein myndin á altaristöflunni er óvenjuleg og sérkennileg en hún er bein myndskreyting við vers í Opinberunarbók Jóhannesar þar sem Kristur birtist í myndsyn og sverð gengur fram af munni hans.</p> | <p>Hér er ýmsilegt flókið og óljóst, ekki síst kaflinn í Opinberunarbók Jóhannesar sem ein myndin byggist á. Fræðimenn hafa líka átt í erfiðleikum með að skilja þetta. Hér er því tilfærni til að opna hug sinn og skynja einhverja merkingu þó að hún verði ekki útskýrð nema að litlu leyti. Þannig gerist oftast í lífinu því við getum ekki krafist þess að skilja allt.</p> | <p>Hvað er merkilegt við myndina af hinum ljómandi Kristi sem er á hægri væng altaristöflunnar?</p> <p>Hafið þið séð einhverja gamla og merkilega gripa á ykkar heimaslóðum, í kirkju, á safni eða í heima-húsi?</p> |

3. þáttur: Morðengill

| | | |
|---|---|---|
| 0.00 Inngangur | Til athugunar | Verkefni |
| Í þættinum verður skyggnst inn í samfélag ránsmana, þeirra sem stóðu að baki Tyrkjaráninu á Íslandi 1627. Einkum verður rakin slóð eins helsta forystumannsins. | Minnt skal á varnaðarorð í byrjun þáttarins: „Örvæntið ekki þó að þið missið þráðin öðru hverju.“ Hér er nefnilega flókið mál á dagskrá! | Af hverju er efnið flíkið í þessum þætti? |
| 2.20 Tyrkir og íslam | Til athugunar | Verkefni |
| Ránsmennirnir árið 1627 voru nefndir <i>Tyrkir</i> , þeir gerðu árás í nafni <i>Íslams</i> og þeir komu frá <i>Barbarínu</i> í Norður-Afríku sem svo er kallað. Þessi þriju atriði þurfa því skýringar við. Múslímar voru almennt kallaðir Tyrkir á þessum tíma vegna þess að Tyrkjaveldi var völdug-asta ríki múslíma. Alsír heyrði að nafninu til undir Tyrkjaveldi en Marokkó stóð utan þess. Frá þessum tveim stöðum komu ströðsmenn Tyrkjaránsins. | Þegar deilur ríkja er það oft merki um að deiluaðilar eiga margt sameiginlegt, annars hefðu þeir ekkert um að deila. Þannig er háttað með kristna menn og múslíma (sérstaklega á fyrri öldum) og Palestínumenn og Gyðinga á okkar dögum. | Hvað merkir orðið Tyrkir nú á dögum og hvað merkti það á 17. öld? 17. öld? Finnið á sögukorti: Tyrkjaveldi (Ósmanska veldið), Alsír (Algeirsborg), Marokkó og borgina Sale (Rabat). |
| 4.55 Kristni og Holland | Til athugunar | Verkefni |
| Á 17. öld var Evrópa klofin eftir trúarstefnum. Í suðurhlutanum ríkti kabólsk kristni en mótmælendatrú í norðri. Mótmælendatrúin var með misjöfnum hætti. Í Hollandi var svonefnd kalvínstrú sterkust en þar var þó talsvert rúm fyrir aðrar trúarstefnur. Verslun, viðskipti, siglingar og myndlist voru öflugri þar en víðast annars staðar. Hollendingar sigldu um öll heimsins höf og höfðu samskipti við fjölda þjóða. | Svo kölluð siðaskipti (reformation) urðu víða í Norður-Evrópu á fyrri hluta 16. aldar. Þeir sem sögðu skilið við kabólsku heimskirkjuna voru kallaðir mótmælendur. Á Íslandi urðu siðaskipti árið 1551 þegar lútherstrú var formlega tekin upp. Deilur milli kabólskra manna og mótmælenda náðu hámarki með þrjátíu ára stríðinu 1618–48. | Hvað voru/eru: a. siðaskipti b. mótmælendur c. lútherstrú d. kalvínstrú 17. öldin er oft kölluð gullöld Hollands. Í hverju sköruðu þeir fram úr? |

3. þáttur: Morðengill

8.15 Jan Jansson

Í hollenska siglingasamfélaginu óx drengurinn Jan Jansson úr grasi í borginni Harlem, fór að stunda sjóinn og stóð sig vel. Í siglingu við Kanaríeyjar var skip hans hertekið af alsriskum sjóræningjum. Hann flentist í Algeirsborg og Marokkó, tók upp íslamska trú, lærði sjóránahernað og varð skipstjóri og aðmíráll undir nafninu Múrat Reis. Í Hollandi átti hann þó fjölskyldu sem hann hafði stofnað til meðan hann bjó þar. Víð sjáum umhverfi í Hollandi sem líkist því sem var á uppvaxtardögum Jans og hollenskur skipherra, sem hefur kynnt sér feril hans, segir frá.

10.40 Márar efla sjórán

Til þess að skilja hvers vegna Norður-Afríkumenn stunduðu sjórán verðum við að gera okkur grein fyrir Márum á Spáni. Þeir höfðu upphaflega komið frá Norður-Afríku og ríktu á Spáni í margar aldir þar til kristin konungsveldi unnu bug á þeim smám saman. Til þess að fá tilfinningu fyrir þessu er staldrað við í litlu þorpi sem heitir Frigiliana sem Márar byggðu þar til á 16. öld að þeir voru hraktir þaðan. Sumir Márnir hjálpuðu sjóræningjum frá Norður-Afríku sem gerðu áhlaup á strendur Spánar. Til varnar þeim var reistur fjöldi varðurna. Márar, sem voru hraktir í útlegð, fluttu sumir til Norður-Afríku, til dæmis til borgarinnar Sale í Marokkó og efldu sjórán gegn kristnum þjóðum.

Til athugunar

Spænska konungsvaldið réð yfir öllum Niðurlöndum á 16. öld en heimamenn gerðu uppreisn og vildu sjálfstæði. Þessi barátta stóð í 80 ár og meðal annars var gripið til þess ráðs að gefa venjulegum sjómönnum leyfi til að ráðast á óvinaskip, taka þau og fá hluta af verðmæti þeirra. Þetta má kalla lögleg sjórán. Í nokkrum borgum Norður-Afríku var þetta þó stundað af enn meira kappi.

Til athugunar

Márar eru ekki til lengur sem sjálfstæður hópur eða þjóð. En þeir hafa sett mark sitt á menningu Spánverja, Marokkómanna og fleiri þjóða. Frægur Mári í bókmenntunum er Ópelló í samnefndu leikriti Shakespeares og óperu sem Verdi gerði eftir leikritinu. Sagan af þorpinu Frigiliana er notuð sem *tákn* fyrir hlutskipti Mára á Spáni undir lokin, ekki síst vegna þess að þorpið er svo lítið breytt frá því að Márnir bjuggu þar.

Verkefni

Lýsið lífinu í Hollandi á 17. öld út frá því sem þið hafið séð og heyrt, t.d. á málverkum.

Holland var mesta siglinga- og verslunarveldi heimsins á 17. öld. Af hverju haldið þið að það sé það ekki lengur?

Verkefni

Er hægt að segja að einhver tengsl séu milli þess að Márnir voru hraktir frá Spáni og að Tyrkjaránið varð á Íslandi?

Skodið byggingar og myndir frá tímabili Márana á Spáni, t.d. í borgunum Cordova eða Granada. Þið getið t.d. gert þetta með því að slá inn leitaraðinu „Moors“ á netinu. Hvað einkennir þessar byggingar og myndir?

3. þáttur: Morðengill

| | | |
|---|--|---|
| 19.20 Foringi Tyrkjaránsins | Til athugunar | Verkefni |
| <p>Þegar Tyrkjaránið átti sér stað var Jan Jansson orönn æðsti maður sjóræningjafloftans í Saleborg í Marokkó. Hann stjórnaði árásinni á Grindavík og Bessastaði og skipulagði sennilega allt Tyrkjaránið. Hann þótti góður skipstjóri og margir fóru um hann fögrum orðum. Hann var slyngur maður og flutti sig aftur til Algeirsborgar þegar fór að hitna í kolunum í Sale.</p> | <p>Eitt af víðfangsefnum hér er að velta fyrir sér að hvaða leyti aðstæðurnar skapa mennina og að hvaða leyti þeir hafa friðst val. Sömu leyti hvaða eiginleika menn hafa og hvernig þeir rækta þá. Flestir menn eru samsettir úr mörgum þáttum. Þetta mál er tekið upp aftur í lokauppgjörinu.</p> | <p>Er hægt að segja um mann, sem stjórnaði Tyrkjaráninu, að hann hafi verið víðkunnanlegur og greiðvikingur?</p> <p>Vitið þið um einhverja menn í mannkynssögunni sem eru álitnir hafa verið illmennir?</p> |
| 26.30 Benedikt galeiðupræll | Til athugunar | Verkefni |
| <p>Í erfiliði um vel stæðan og þekktan mann, Benedikt Pálsson á Möðruvöllum, kemur fram að hann var eitt sinn í siglingum á Hamborgarskipi þegar alsírkir sjóræningjar tóku það. Benedikt var látinn róa á galeiðu um Miðjarðarhafið þvert og endilangt í þriju ár. Í ljóðinu segir frá galeiðuforingjanum sem keypti Benedikt: „Morðengill sá hét Múrat Reis...“ Samt er ekki víst að þetta hafi verið sami Múrat sem áður hét Jan Jansson.</p> | <p>Hér er dæmi um það hvernig þarf að tína æviatriði Múrats Reis úr mörgum áttum. Og síðan stíjum við uppi með það að við vitum ekki hvort hér er verið að tala um sama mann eða alnafna hans!</p> | <p>Sumir segja að eitt versta hlutskipti sem hægt var að hljóta var að vera galeiðupræll. Útskýrið hvað það er. Hvað er galeiða og hvenær voru þær mest notaðar?</p> |
| 29.20 Til fundar við Múrat Reis | Til athugunar | Verkefni |
| <p>Árið 1641 var hollensk sendinefnd komin til Marokkó í ýmsum erindagerðum. Með í för var dóttir Múrats Reis, Lisbet að nafni, sem hann átti í Hollandi meðan hann hét Jan Jansson. Hún hiti föður sinn sem nú var orönn kastalastjóri í litlum bæ. Með í sendiförinni var hollenskur atvinnulistamaður sem hafði það hlutverk að skrifa um það sem gerðist og teikna myndir. Frásögnin og teikningarnar úr þessari ferð fóru síðan á flak, lentu meðal annars á uppboði og enduðu á óvæntum stað – í Vínarborg.</p> | <p>Í Hollandi starfaði fjöldinn allur af myndlistarmönnum og Adriaen Matham, sem var í ferðinni til Marokkó, er ekki einn af þeim frægari. Hann var þó af ætt sem stundaði þessa iöju, bæði bræður hans og faðir fengust við myndlist. Öruggasta tekjulindin var að gera koparstungur sem hægt var að þrykkja eftir mörg eintök.</p> | <p>Segja má að teiknarannum hafi fundist ýmsilegt skryðið í Marokkó. Á hverju sést það?</p> <p>Hvað finnst ykkur vera besta myndin? Hvers vegna?</p> |

3. þáttur: Morðengill

| 36. 10 Forfaðir Jackie Kennedy? | Til athugunar | Verkefni |
|---|---|---|
| Bandarískir ættfræðingar halda því fram að Jacqueline Kennedy forsetafriú og Humphrey Bogart Hollywood-leikari séu afkomendur Múrats Reis. Sonur hans, sem hann átti með konu í Marokkó, á að hafa flust til Ameríku og þar hafi ætlin eignast þessa lauka. | Upplýsingar um son Múrats Reis og ætt hans í Ameríku eru á vefsíðunni http://pbs.org/wgpb/pages/front-line/shows/secret/famous/vansallees.html | Er þessi saga bara brandari? |
| 37. 10 Uppgjör | Til athugunar | Verkefni |
| Að lokum er varpað fram spurningunni hvers konar maður leiðtogi Tyrkjaránsmanna hafi verið og hvort hann hafi verið þorpari eða leiksopur aðstæðnanna. | Meira efni tengt þessu máli er í kaflanum „Foringi Tyrkjaránsins“ (19.20). | Haldið þið að Múrat Reis hafi haft samviskubít? |